



Reglur um heilsuræktarstyrki

Sveitarfélagið Skagafjörður stendur vörð um velferð og heilsu starfsmanna og hvetur til heilsueflingar, eins og sveitarfélaginu er frekast unnt. Góð heilsa og vellíðan starfsmanna er sveitarfélaginu mikilvæg og skilar aukinni starfsánægju og minni veikindafjarvistum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbriggt lífferni. Með stuðningi og hvatningu til heilsueflingar leggur sveitarfélagið grunn að bættri andlegri og líkamlegri líðan starfsmanna.

Reglur

1. Sveitarfélagið Skagafjörður styrkir hvern fastráðinn starfsmann eða starfsmann með tímabundna ráðningu lengri en sex mánuði.
2. Fyrir árið 2021 er styrkupp hæðin allt að 15.000 kr.
3. Markmið með styrknum er að stuðla að því starfsmenn stundi heilsurækt að staðaldri sem bætir líkamlegt ástand þeirra og stuðlar að betri heilsu, meiri starfsánægju og færri veikindadögum.
4. Árgjöld sem veita rétt til iðkunar líkamsræktar og íþróttar eru styrkhæf ásamt þátttöku í styttri námskeiðum. Hér er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í klúbba sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar. Styrkur er veittur vegna íþróttagreina sem heyra til og eru viðurkenndar af Íþróttasambandi Íslands.
5. Styrkþegi þarf að framvísa frumriti af reikningi og greiðslukvittun þar sem fram kemur nafn og/eða kennitala starfsmanns ásamt því hver konar heilsurækt verið er að greiða fyrir.
6. Skila þarf umsókn, reikning og greiðslukvittun til mannauðsstjóra í ráðhúsi fyrir 20. hvers mánaðar til að fá styrkinn greiddan um næstu mánaðamót.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna G. Björnsdóttir, mannauðsstjóri, með tölvupósti á netfangið hrefnag@skagafjordur.is eða í síma 455-6065.